

1/2 58

Skógarvörðurinn á Austurlandi

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1957

Sigurður Blöndal

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1957.

## I. Inngangur.

### 1. Veðurfar.

Yfirlit veðurathuganamannsins, Páls Guttormssonar, yfir veðráttuna, að því sem ekki sést af tölunum í töflu I, fer hér á eftir:

Meiri hlutinn af úrkomunni í janúar var rigning, og mun hún hafa komið jarðveginum að notum, þar eð jörðin var nærri ófrosin.

Hinn 16. janúar sprungu reklar út á þingvíði og nokkrir reklar fundust þá útsprungnir á loðvíði.

Í febrúar og þar til seint í marz var snjór á jörðu.

Aprílmánuður var heitur og sólríkur, vorgróður var byrjaður og jörðin alveg þið um sumardag fyrsta.

Frá maíbyrjun og fram til hins 20. voru frost mjög tíð. Þegar hlýnaði, tók gróður snöggum breytingum - því að jörðin kom þið út úr kulda-kaflanum - og byrjaði þá vöxturinn.

Tíðarfarir var svipað í júní og frá maíbyrjun til 20. þess mánaðar. Þá var algengust norðaustlæg og norðvestlæg átt með tíðum næturfrostum.

Júlímánuður var ekki heitur og raki í jörðu fór minnkandi fram eftir mánuðinum. En nokkur breyting varð þó á þessu til hins betra, er leið á mánuðinn, og var það að þakka dálítilli rigningu, ásamt áfalli seint í mánuðinum.

Í hlýindakafnanum í byrjun ágústmánaðar var vöxtur skógartrjáanna mjög ör, og þó að þer væru skammt á veg komin í þroska í byrjun ágúst, höfðu þau náð góðum þroska um og eftir 20. þess mánaðar.

Hinn 1. september kom einhver mesta rigning, er hér getur komið á jafnskömmum tíma. Þá rignði 16 mm á rúmri hálfri klukkustund. Næturfrost komu ekki að ráði fyrr en 20. sept. Um 20. október kom dálítið frost í jörð, en ræktarjörð fraus þó fremur hægt, þar sem mold var fremur þurr.

Eins og sumar=mánuðina var loft mjög kyrrt í sept.-nóv., og í nóvember var mjög hlýtt eftir miðjan mánuðinn. Í þeim mánuði var bara nokkra daga fól á jörð.

Frá miðjum desember og til hins 20. var nokkur snjór á jörð. Í desember var hvassast á árinu og var yfirleitt vestlæg átt. Hinn 19. des. varð hvassast, 10 vindstig.

Dagar á árinu með 20. stiga hámarkshita og yfir urðu 5 á árinu, og var það á tímabilinu frá 21. júlí til 6. ágúst.

Síðasta vorfrost mældist í mælaskýli 22. júní -2,5 stig, í skógi -3,0 stig.

Hinn 24. júní mældist í skógi frost -1,2 stig og hinn 28. júlí -0,5 stig.

Hinn 9. ágúst í mælaskýli -0,2 stig, í skógi -0,5 stig.

" 11. " " " -0,3 " " " -0,6 "

" 27. " " " -0,3 " " " -2,5 "

" 20. sept. " " " -3,6 " " " -4,8 "

Af þessu sést, að óvenjulega kalt hefir verið á næturnar þetta sumar og í rauninni erfitt að segja, hvað er síðasta vorfrost og fyrsta haustfrost!

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1957.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	1,2	+1,3	177,0	+53,9	-	
Febr.	-2,8	-2,4	42,6	-29,5	15,9	
Marz	-0,7	-0,7	78,0	+45,2	72,9	
Apr.	4,5	+3,3	43,3	+6,0	219,2	
Mái	5,2	-0,2	23,1	+3,1	147,5	
Júní	8,2	-0,8	12,8	-12,6	245,8	43,52
Júlí	10,6	-0,7	13,1	-29,1	243,0	61,81
Ág.	10,6	+0,4	23,2	-19,7	145,8	71,14
Sept.	6,1	-1,3	39,5	-17,2	75,9	
Okt.	3,7	-0,3	49,0	-16,4	63,7	
Nóv.	2,1	+0,8	31,6	-55,6	9,8	
Des.	-1,1	-0,5	46,5	-35,6	-	
Alls			579,7	+109,1	1.239,5	176,47
Júní- Sept.	8,9	-0,6				

Athygli skal vakin á því, að í júní, júlí og ágúst eru sólskinsstundir um 50% fleiri nú en 1956 í sömu mánuðum, þótt meðalhitinn í þessum mánuðum (sem eflaust ráða mestu um vöxt trjáanna) sé ekki nema um 9% hærri. Eins og vikið verður að á eftir, hefir s. l. sumar greinilega orðið mun betra vaxtarsumar en sumarið í fyrra. Og kemur þá að því atriði, hvort aukin inngæislun sólar sé ekki einmitt talsvert þýðingarmikill þáttur fyrir vöxt trjáanna, enda þótt lofthiti sé lítill (eins og óumdeilanlega var s. l. sumar). Af reynslu þessa sumars mætti láta sér detta það í hug. Gæti þá verið athugandi, hvort ekki væri ástæða til að leggja meiri áherzlu á þennan þátt veðurathugana í þjónustu ræktunar en gert hefir verið.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurins.

Birkiskógurinn taldist allaufgaður 29. maí. En einstakir runnar af lágskógi voru alveg sprungnir út 30. apríl, og 23. maí var kominn græn slikja á birkiskóginn. - Þann dag var lerkiskógurinn að kalla útsprunginn Fyrstu birkilaufin fóru að falla 20. september og allt lauf var fallið 11. október. En, mest féll birkilaufið í sunnan hvassviðri hinn 5. október.

Þann dag voru nálar á lerkiskóginum gulnaðar.

Hinn 26. apríl, að undangengnum miklum hitum, voru toppsprotar á stafafurunni á Atlavíkurstekki byrjaðir að vaxa.

Hæðarvöxtur hinna ýmsu trjátegunda var nú jafnari en 1956. Mestur var hann greinilega á lerki og birki - og bendir það eindregið til, skv. reynslunni hér, að þetta hafi verið mun betra vaxtarsumar en í fyrra. Hann var sýnilega minni á furutegundum og nokkru minni á greni.

Langsti ársproti mældist á þessu sumri á Irkutsklerki, gróðursettu 1953, 73 cm. Á stafafurunni á Atlavíkurstekki var lengsti sproti 70 cm, á douglasgreni 60 cm og í Guttormslundi var lengsti mældur sproti 65 cm. Þar var mjög mikið af ársprotum 40-50 cm. Mjög langir sprotar voru á öllu lerki, sem gróðursett var að árinu 1955. Var hrein unun að ganga um alla þá lerkiteiga í haust. Virðist mér nú, að það taki lerkiplöntur hér í skóinum 3 ár að fá það, sem kalla mætti "holdningu". - Þess skal og getið hér, að svo virtist í haust sem Raivolalarkerkið, er gróðursett var í Lýsishól í fyrra, ætli mjög að lifna við, þótt það væri dauðalegt í fyrrasumar Vanhöld á því verða sennilega ekki mjög mikil.

Loks er vert að geta þess, að rauðgrenið, sem gróðursett hefir verið í Lýsishól á undanförunum árum, er ákaflega fallett, og gæti ég trúað, að vanhöld væru þar alls ekki yfir 5%.

Nokkuð var af könglum á broddfuru, og fræið (um 40 g) þroskað, eins og alltaf undanfarin ár. Einnig voru könglar á blágreni, lerki, skógarfuru, fjallafuru og stafafuru, en sennilega ekki þroskað fræ af neinni þessara tegunda. Hins vegar er útlit fyrir afarmikla könglamyndun á broddfuru, og einnig fjallafuru og stafafuru.

Fremur lítið fræfall var á birki. Sakir þess, hve lítið fræ var á því annars staðar á landinu, var á síðustu stundu safnað hér 8 kg af birkfræi, en það var mjög seinlegt og kostnaðarsamt. Verður útlagður kostnaður á hvert kg af þurru fræi um 150 kr.

Nóg fræ var á reynivið, en engu safnað, þar eð svo mikið er til af smáplöntum af þessari tegund í græðireitnum.

### 3. Starfsmenn og verkafólk.

Á árinu unnu hér um skeið 2 fastir starfsmenn skógræktarinnar, Ágúst Arnason og Páll Guttormsson. Ágúst kom um miðjan apríl og vann þá fyrsta hálfu mánuðinn við að mála verkafólksbústaðinn, en hafði síðan á hendi verkstjórn í græðireitnum í maí, júní og júlí. Hinn 30. júlí fór hann hédan til náms í Bandaríkjunum.

Páll vann hjá stofnuninni allt árið, að undanskildum þremur vikum í júlí, er hann vann hjá Skógræktarfélagi Austurlands og hafði umsjón með girðingavinnu á Eyjólfsstöðum. Fyrstu 4½ mán. ársins vann hann við skógarhögg, eftir því sem fært var. Síðari helming maí hafði hann umsjón með plöntuafgreiðslu og allan júnímánuð og viku af júlí stjórnaði hann gróðursetningu. Frá mánaðamótum júlí/ágúst tók hann aftur við verkstjórn í græðireitnum.

Skógarvörður hafði umsjón með girðingavinnu og nýræktarframkvæmdum haustsins.

Í töflu II er tilgreindur fjöldi fastra starfsmanna og lausráðins verkafólks, eins og það varð flest í hverjum mánuði.

## II. G i r ð i n g a f r a m k v æ m d i r.

### 1. Viðhald.

Á þessu ári var yfir helmingi meiru fé varið í venjulegt viðhald girðingarinnar um skóginn en 1956 - eða um 4.300 kr. Meiri hluti þessa

Tafla II. Fólk í vinnu á Hallormsstað 1957.

Mánuður	Fastir starfsmenn	Lausráðið fólk		
		Fjöldi	Tala vinnustunda	Greidd laun kr.
Janúar	1	1	35	678,20
Febrúar	1	-	-	-
Mars	1	-	-	-
Apríl	2	5	439	8.506,22
Mái	2	25	4.005	56.907,14
Júní	2	28	4.636	66.444,18
Júlí	2	25	3.872	57.950,13
Ágúst	1	15	2.873	48.618,24
Septemb.	1	12	2.031	34.693,59
Október	1	6	996	18.987,01
Nóvember	1	6	760	14.908,05
Desember	1	3	262	5.325,19
Alls			19.909	313.017,95

kostnaðar (2.850 kr.) fór til þess að ljúka gagngerðri endurbót á elztu girðingunni meðfram Hafursárgili, er ekki tókst að ljúka í fyrra.

Þessi kafli er 1.110 m langur. Var nú bætt í hann 1-3 gaddavirstrengum (alls 2.100 m), og var tekinn í þetta óryðgaður gaddavír úr gömlu girðingunni neðanvið Votabjarg. Víða voru gömlu járnstytturnar beygðar orðnar eða brotnar og var nú nýjum bætt í þeirra stað. - Eftir þessa endurbót er þessi gamla og sterka girðing endanlega uppgerð fyrir næstu áratugi.

Önnur vinna að viðhaldi fór í að tjasla í gömlu girðinguna að framan og í Hádegisfjalli, svo að hún hængi uppi, en hún er nú vægast sagt orðin fornfálegr við hliðina á hinum nýju girðingum síðustu ára, enda hvergi nærri fjárheld.

Þess skal hér getið strax, að stuttur kafli á girðingunni ofanvið Illuskriðu, sem endurgirtur var 1955 og enn um hann bætt 1956, stóðst ekki raun síðasta vetrar, er hann fór alveg undir skafi. Hinir 3-4 m háu lerkistaurar, sem þarna voru settir, þverkubbuðust undan snjóþunganum, enda þótt stagaðir væru, og gaddavír og net varð að einu stóru flakatrússi. Er nú sýnt, að færa þarf girðinguna enn á þessum kafla (sem er innan við 100 m) og ýta undir hana háum garði. En ekki var unnt að gera það á árinu.

Seint í júlí hófst vinna við nýjar girðingar: Hafursárgirðingu útmeð Lagarfljóti og næsta áfanga á endurnýjun gömlu skógargirðingarinnar, í Dagmálafjalli. Við vorum svo heppnir að hafa í þessu verki sömu pílta og höfðu unnið í girðingunum 1955 með Guðmundi Pálssyni og 1956 með Ágústi Árnasyni. Er óhætt að segja, að þeir kunni sitt handverk til hlítar, enda unnu þeir það af áhuga og fullkominni samvirkun. Þar girðingin í Dagmálafjalli þess ljósastan vott, því að handbragð á henni gefur ekki eftir því, sem er á girðingum tveggja undanfarinna ára.

## 2. Hafursárgirðing.

Hin nýja girðing í Hafursárlandi á að girða af fremur mjóa ræmu meðfram Fljótinu og innað túngirðingu á Hafursá. Hún er um 500 m löng að utar en liggur síðan þannig, að afgirt land verður aðeins um 150 m á breidd

við Freyshólalæk. Þaðan breiðkar svo spildan mjög og verður aftur nálægt 500 m á breidd við framjaðarinn, sem liggur að Hafursártúni. Mjög lauslega reiknað er svæði þetta um 50 ha. Skál þó allur fyrirvari hafður á um þá tölu. Lengd girðingarinnar frá Þrætutanga á Mjóaneslandamerkjum að kletti á Hafursársandskeiði, þar sem hin nýja girðing kemur í túngirðinguna á Hafursá, verður 2.790 m. Í girðingunni verða 23 horn- og strengingarstaurar, þar af 6 við þau 3 hlið, sem á henni verða (1 á þjóðvegi við Mjóaneslandamerki og sitt á hvorum heimvegi að Freyshólum og Hafursá).

Aformað hafði verið að ljúka girðingunni sjálfri í sumar, en láta hlið bíða næsta sumars. En þetta var hvergi nærri gert. Verkinu var þannig hagað, að byrjað var - ef svo má segja - á endinum og sléttað undir alla girðinguna, þar sem þess þurfti með, með jarðýtu. Má því segja, að lokið sé undirhleðslu. Þá var gengið að fullu frá 14 horn- og strengingarstaurum, sem steiptir voru í sökkul, en ekki lengra haldið, þar eð bora þarf fyrir 6 hinna í klöpp með grjótbör. Taldi ég bezt að láta það bíða, þar eð einnig þarf að bora fyrir allmörgum burðarstaurum, er farið verður að setja þá niður. Aðlunin hafði verið að ljúka a.m.k. þessu á haustinu, en önnur verk reyndust tímafrekari en ætlað var, svo að hér var staðar numið í Hafursárgirðingu.

Af efni var notað:

TT-stólpar úr samsöðnum skálabogum	3 stk.
2½" rör-stólpar .....	11 "
Sigvír í útbindingar .....	620 m
Sement í sökkla .....	7 <del>XXXX</del> pokar. Alls kr. 1.535,-

Kostnaður:

Vinna 303 klst. ....	kr. 6.005,-	
Ytuvinna við undirhleðslu 39 klst.	" 2.145,-	
Mannflutn. að og frá vinnu .....	" 375,-	8.525,-

=====  
Alls kr. 10.060,-  
=====

### 3. Dagmálafjall.

Nú var fram haldið frá þeim stað, sem byrjað var að girða frá 1955, og haldið inneftir. Var tekinn kaflinn í Dagmálafjalli, yfir Staðará og staðnæmzt á melnum fyrir framan ána. Lengd hins nýja kafla er 880 m.

Gamla girðingin hafði staðið illa þarna í hliðinni, því að hliðbratti var mikill. Nú var girðingin færð talsvert ofar í hliðina á stað, sem virtist snjóléttari: beint af Bjargi inn að Staðará og svo niður með ánni og yfir hana á rafveitustíflu húsmæðraskólans og síðan fram og upp í gömlu girðinguna. Um 9 ha lands koma þarna til viðbótar inn í skógargirðinguna.

Á þessum stutta kafla var gengið frá 10 horn- og strengingarstaurum og 9 sigum. Ýtt var undir girðinguna miklum garði á tapum 500 m. Reyndist það verk margfalt tímafrekara en ætlað var í upphafi, auk þess sem við fé um í þá freistni að gera garðinn svo breiðan, að aka mætti meðfram girðingunni á dráttarvél og jeppa. Þá þurfti að gera djúpa vatnsrás alls staðar ofanvið garðinn, því að í brúninni fyrir ofan gerir miklar fannir og þarna því eflaust mikill vatnsflaumur á vorin. Við þorðum í stuttu máli ekki annað en vinna þetta verk ákaflega vandlega. T.d. var annar hver burðarstaur gildur lerki- og rekaviðarstaur. Þurfti að grafa holurnar fyrir þeim og hnallað að með grjóti.

Eins og kostnaðaryfirlitið sýnir, hefir girðingarkafli þessi orðið óhemjulega dýr, svo að manni hrýs satt að segja hugur við. Og vegna

Þess, hve seint verkið sóttist, varð ekki meira unnið í Hafursárgirðingunni en að ofan greinir. Þess ber auðvitað að minnast, að þarna uppá fjallið er langur og erfiður gangur. Þýðir ekki að reikna með minnu en 1½ klst. fari í að komast að og frá vinnu hjá hverjum manni á dag.

Í þennan kafla fór nýtt efni sem hér segir:

Vírnet .....	9	fúllur
Gaddavír .....	7½	rúlla
Sigvír .....	600	m
Rörstólpar 2½" .....	4	stk.
TT-stólpar úr skálabogum .....	6	"
Stálstaurar ("Betlarar") .....	44	"
Rekaviðarstaurar .....	19	"
Lerkistaurar (helmingur gildir) .....	42	"
Lerkistyttur .....	40	"
Birkistyttur .....	187	"
Skálabogar (heilir) .....	4	"
Stáltunnur (í rennur) .....	8	"
Sement .....	3	pokar.

Gaddavírspátturinn undir vírnetið var tekinn úr gömlu girðingunni.

Kostnaður varð:

Verðmæti nýs efnis .....	kr.	7.885,-
Vinna 832½ klst. ....	"	16.490,-
Ýtuvinna 105 klst. ....	"	5.775,-

-----  
Alls kr. 30.150,-  
=====

Á km verður þetta kr. 35.000 kr. ! Nú skal raunar á það bent, að eir og aðstæðum var háttað, má í rauninni segja, að ýtuvinnan komi hér allveg umfram það, sem orðið hefði, ef við hefðum ekki haft tækið sjálfir til umráða. Það varð nefnilega mjög mikil vinna við að ganga frá rennu gegnum mestu uppfyllinguna, sem ýtan gerði yfir Lækjarfarveg. Alls varð því vinna við undirhleðslu eins mikil og ég myndi telja eðlilegt við venjulegar aðstæður. Ef hins vegar hefði ekki verið ýtt undir girðinguna þarna og reynt að leggja hana þar samt, er enginn vafi á, að viðhaldskostnaður hefði ætíð orðið mikill. Munurinn er sá, að slíku þarf vart að kvíða með þennan kafla um allanga framtíð.

-----  
Að loknu þessu verki hefir skógargirðingin verið endurbætt til fullnustu frá Lagarfljóti við Hafursá og framfyrir Staðará í Hádegisfjalli. Eru það alls 6.375 m. Aformað hafði einnig verið að endurnýja pípuhliðið við Hafursá, sem nú er orðið okkur til hins mesta vansa og er heldur alls ekki örugg varzla. En annir í græðireitnum og við gróðursetningu allt fram í júlí voru svo miklar, að enginn tími vannst til þess, áður en aðalumferðin hófst. Var því hætt við þetta, en þolir nú ekki bið lengur en til vorsins.

#### 4. Athugun á kostnaði við girðingahorn.

Mér hefir orðið ljóst undanfarin sumur, að tímafrekt verk er að ganga frá girðingahornum, svo að þau verði varanleg, einsog forskriftir Einars Sæmundsens mæla fyrir; en einnig, að svo vandaður frágangur á

hornum er skilyrði fyrir því, að girðing endist og í henni sé varzla að gagni.

Ég gerði því í sumar athugun á því, hver vinnukostnaður yrði að meðaltali við hvern horn- og strengingarstaur bæði í Hafursárgirðingu og Dagmálafjalli. Á báðum stöðum voru sökklar steyptir. Niðurstaðan fer hér á eftir:

### 1. Hafursárgirðing:

Vinna við horn- og strengingarstaura 268 klst. kr. 5.310,-  
Flutningur manna að og frá vinnustað ..... " 375,-

-----  
Alls kr. 5.685,-  
-----

Gengið alls frá 14 staurum.

Pr. staur 19,2 vinnustundir ..... kr. 380,-

Að viðbættum flutningi manna ..... " 405,-

Raunverulega kostaði mannaflutningurinn miklu meira, því að ég flutti mennina mjög oft á mínum bíl, en lét þann akstur falla undir fastagjaldið fyrir akstur, svo að það kemur ekki til reiknings sérstaklega.

### 2. Dagmálafjall:

Vinna við horn- og strengingarstaura 223 klst. kr. 4.420,-

Gengið alls frá 10 staurum.

Pr. staur 22,3 vinnustundir ..... kr. 442,-

Hér reyndist 27% af vinnustundafjöldanum (ýtuvinna ekki þar með) við girðinguna falla á hornin.

Af þessu virðist auðsatt, að vinnukostnaður við girðingu getur sveiflæzt þó nokkuð eftir hornafjöldanum.

### III. S k ó g a r h ö g g.

Ívið minni viður, sem tölur ná yfir, féll nú en árið á undan. Páll Guttormsson vann að grisjun fyrstu 3 mánuði ársins í Atlavík og í ungskóginum fyrir innan Hallormsstaðabæinn. En í febrúar og marz voru snjóalög svo mikil, að vinna í skóginum varð mjög ódrjúg. Varð því ekki komið yfir stór svæði af einum manni.

Hinn 1. apríl hófst svo vinna við skógarhögg að ráði. Var því nú haldið áfram af auknum krafti út apríl og fyrstu viku maí og ekki að fullu lokið fyrr en um miðjan maí. Á þessu tímabili var fyrst og fremst grisjað fyrir gróðursetningu í Innskóginum:

1) Teigarnir neðan Selvegjar frá Króklæk og innað mýrinni utanvið Atlavíkurlæk. Er hið grisjaða svæði þar mjög lauslega reiknað um 3 ha.

2) Þríhyrna neðst í Vörðuhrauni, er liggur við Atlavíkurlæk niður að Þjóðvegi, nálægt 0,7 ha.

Þá var í þessari lotu grisjað dálítið í Mörkinni og neðantil í kúagirðingu húsmæðraskólans til þess að fá girðingarstaura.

Loks var í apríllök grisjað allt lerkið frá 1938 og féllu:

Í Guttormslundi 155 tré  
Á Atlavíkurstekk 156 "



Í Mörkinni 15 tré

-----  
Alls 326 tré  
-----

Svo ótrúlegt sem það kann að virðast, mun enn á vori komanda þurfa að grisja nokkuð í öllum lerkiteigunum. Svo þétt var orðið, að sjálfkvistunin er nú mjög ör, og bráð hætta á, að trén verði alltof krónulítill og standi ótraust gegn veðrum, ef ekki er fylgt jafnt og þétt eftir með grisjun, þar til þéttleiki verður orðinn eðlilegur miðað við trjá hæð.

Frá miðjum maí lá skógarhögg niðri að mestu, þar til 23. ágúst, að vinna hófst við að ryðja teig fyrir nýjum græðireit og vegum í Mörkinni. Var því lokið um mánaðamót ágúst/september. Féll þar allmikill viður, mikið af staurum og dálítill efniviður.

Í nóvember var fluttur að bílvegi eldiviður af gróðursetningarteigunum frá vorinu og efnað niður í staura það, sem féll í Mörkinni.

Hinn 4. desember hófst svo högg í Partinum ofanvið Langasand, þar sem grisjað var svæðið, sem gróðursetja á í á vori komanda norsku rauðgrenisýnishornin. Var lokið við að grisja það svæði og bera við í kesti 18. desember. Um áramótin var sá viður efnaður niður í staura og þeim ekið að bílvegi. Á þessu svæði féll bezt stauraviður, er höggvinn hefir verið hér síðustu árin. Voru þau tré teljandi, sem ekki mátti fá úr staura og styttur, en eldiviður svotil eingöngu úrgangur frá staurunum.

Í þetta högg var ráðizt svo seint á árinu til þess að nota hið góða tíðarfar og færi í desember til þess að koma upp dálitlum staurabirgðum fyrir vorið. En slíkt er orðin knýjandi nauðsyn. Undanfarin tvö vor höfum við neyðzt til þess að hafa menn í skógarhöggi fram í maí til þess að halda sem bezt uppi stauramarkaðnum. S.l. vor hefði verið hægt að selja langtum meira af staurum en raun varð á, ef nægar birgðir hefðu verið til frá vetrinum. Það er sýnilega knýjandi nauðsyn að eiga ætíð nægar birgðir af staurum, a.m.k. 2-3000 stk. af hvoru um sig staurum og styttum. Og hinir svonefndu "skurðbakkastaurar" (BIII) njóta æ meiri vinsælda. Við höldum bæði þeim og styttunum mjög að bændum. Með framleiðslu þeirra fæst miklu meira verðmæti úr birkinu en áður.

Sala girðingarstaura varð örlítið minni en í fyrra, vegna þess að við gátum ekki höggvið nóg. Við urðum að mestu leyti að láta okkur nægja í vor að selja það, sem fékkst úr grisjun gróðursetningarteiganna.

Eldiviðarsala var í svipuðu fari og árið á undan. Það eru yfirleitt sömu aðilarnir, sem kaupa hann. En þeir halda tryggð við þetta eldsneyti. Þykir betra að hafa það með kolum. Sú breyting hefir samt á orðið, að við kurlum orðið viðinn fyrir þessa aðila. Við þær aðstæður, sem við höfum hér ennþá, reiknum við kr. 100,- fyrir tonnið, og sleppum vel með það með FERGUSON-söginni, sem er geysilegt þarfapeng.

Á árinu fengum við dálítinn markað fyrir reykingavið. Er það byrjun sem ofurlítills má vanta af.

Eldiviðarnotkunin í Mörkinni er áætluð 10 tonn af þessa árs höggi. Það er vart of mikið.

Að því meðtöldu hefir viðarhöggið á árinu orðið 42 tonn. Af því var

Eldiviður .....	ca. 19,00	tonn
Reykingaviður .....	2,90	"
Efniviður .....	1,25	"
Burðarst. I (hér af lerki 43) 127 stk.	1,30	"
" II " " " 459) 2132 "	11,90	"
" III .....	2,50	"
Styttur (hér af lerki 318) ... 1810 "	3,65	"

-----  
Alls 42,50 tonn  
-----

Þess er að geta um lerkið, að hér eru með þau tré af tilraunafletinum, sem felld voru í fyrra, en ekki eruð niður í staura fyrr en í sumar. Þau voru um 110 (hin fóru óbútuð í fluggirðingar á Bjargi í fyrra).

Birgðir í árslok eru:

Birki: Eldiviður .....	ca.	3,5	tonn	
Efniviður .....		0,4	"	
Burðarstaurar I		34	stk.	
" II		528	"	
" III		253	"	
Styttur .....		622	"	
Lerki: Burðarstaurar II		420	"	(birktir og yddir)
Styttur .....		258	"	(birktar)

Einsog að undanfögnu voru felld nokkur grenitré (rauðgreni, broddgreni, blágreni og hvítgreni) og seld fyrir jólin (23 stk.), og heimilunum hér á staðnum og nokkrum nágrennaheimilum, sem mikil skipti hafa við okkur haft, voru afhent tré og dálítið af greinum sem jólakveðja frá stofnuninni. Að þessu sinni var aðeins eitt tré nógu stórt til að notast sem bæjartré. Fór það á Seyðisfjörð. Var það úr Jökullækjarkinn, og einnig tvö önnur. Hafa þá verið felld þar þau tré, sem með þarf um fyrrsjáanlega framtíð. Líða munu nú nokkur ár, þartil hægt verður aftur að afgreiða bæjarjólutré.

Þá voru seld 93 kg af furugreinum (fjallafura) og 12 kg af rauðgreni greinum til verzlana hér eystra. Nokkrar verzlanið, sem keyptu furugreinar til reynslu í fyrra, tóku nú engar, þar eð þar seldust illa þá. En einn kaupandi í Neskaupstað var mjög hrifinn af þessum greinum, og standa vonir til, að þar muni smám saman vinnast nokkur markaður.

Verðmæti viðarafurða ársins 1957 (að frádregnum eldiviði til eigin nota) var:

Andvirði seldra jólatrjáa og greina .....	kr.	3.776,00	
" selds eldiviðar .....	"	1.885,00	
" " reykingaviðar .....	"	1.025,00	
" " efniviðar .....	"	831,00	
Verðmæti birgða " .....	"	400,00	
Girðingastaurar:			
Andvirði seldra .....	kr.	10.787,50	
Verðmæti staura í girð. á Hallormsst. "		580,00	
Verðmæti birgða .....	"	11.764,75	" 23.132,25

-----  
Alls kr. 31.049,25  
=====

Nettókostnaður, færður á skógarhöggsreikning (þá hefir verið dreginn frá flutningskostnaður, sem kaupendur hafa greitt og ekki er heldur með í tölum yfir sölu hér að ofan) varð um kr. 38.750,-. Er þetta sýnu óhagstæðari útkoma en með sama útreikningi í fyrra. En ástæður eru þessar: 1) Vinna Páls Guttormssonar fyrstu 3 mánuði ársins, sem færð er á skógarhöggsreikning, gefur að heita engar tekjur í viðarsölu. 2) Mestur hluti höggsins í apríl og maí er grísjun á gróðursetningarteigum í rýrum skógi, þar sem mikill meiri hluti viðarins var aðeins eldsneyti. Ef þetta hvort tveggja er haft í huga, þarf maður ekki að vera eins óánægður með útkomuna.

#### IV. Græðireitur.

##### 1. Almennt um fjárfestingu í græðireitnum.

Keypt tæki. Lítið var nú keypt af nýjum tækjum, enda brýnustu þörf inni fullnægt á árinu áður. Þessi voru helzt:

HOWARD Rotavator-Bullfinch götuhreinsari. .  
Plógur við FERGUSON dráttarvél.  
Stór sáðbeðsvalti.  
Auk þess ýmis smáverkferi.

Öll eru tæki þessi til góðs gagns, þótt mest reynsla hafi komið á götuhreinsarann. Mun hann eflaust reynast þarft verkferi og nýtast mjög vel, ef hægt er að láta laginn ungling fara með hann.

Vatnsveitan. Ekki var áformað að beta neinu við vatnsveituna á árinu. Fljótt kom þó í ljós, er vökvunar þurfti með, að einhverjar ráðstafanir varð að gera til þess að firra fullkomnum vandræðum af vatnsleysi í Miðreitnum. Tókst að ná í 24 m af 2" galvaniseruðum rörum til viðbótar við föstu leiðsluna og keyptir voru 33 m af 1½" og 40 m af 3/4" gúmmíslöngum. Kostaði þetta um 2.200 kr.

Vermireitir og karmar. Engu var bætt við af vermireitsgluggum á árinu, nema hvað Eiðaskóli afhenti okkur að gjöf 25 stk. af gömlum gluggum úr skólahúsinu, og má nota þá yfir 1 m breið beð. En smávegis var útbúið af nýjum körmum úr efni, sem keypt var í fyrra, og eldri lagferðir. Að meðtöldum efnisnótum, sem ekki bárust okkur yfir efni keypt í fyrra, fyrr en eftir áramót og nýju efni (aðallega steypujárni og girði í gluggahöldur), ásamt vinnu, fór kostnaður við þetta uppá 1.900 kr. Er þá raunar innifalin í vinnu einhver viðgerð á gömlum gluggum.

Nýrækt. Langsamlega mest fjárfesting í græðireitnum á árinu var í nýrækt. Í fyrsta lagi komst í gagnið þau svæði, er rudd voru og unnin að nokkru haustið 1956 og lýst var í skýrslu fyrra árs.

Það kom greinilega í ljós, er dreifsetningu sumarsins var lokið, að ekki yrði pláss fyrir nándar nærri alla dreifsetningu ársins 1958. Var nú ekki um neitt annað að ræða en hefjast þegar handa um meiri stækkun græðireitsins. Þetta er sem sagt annað verkið, sem unnið var að. Var sýnilegt fyrir, að ljúka yrði að fullu gerð þessa reits fyrir veturinn. Það tókst. Vannst einnig tími til að aka í hann og dreifa húsdýraburði, svo að þar er nú ekkert annað eftir en fara yfir einar tvær umferðir með jarðtötara um leið og klaka leysir í vor og tína það, sem enn leynist af smárótum í moldinni, þá er reitur sá tilbúinn til dreifstningar. Verðum við því ólíkt betur settir með dreifsetningarland en undanfarin vor, þegar aldrei hefir verið hægt að dreifsetja neitt fyrr en buið var að taka upp söluplöntur. - Þess skal og getið, að víxillán var tryggt til að greiða í bili kostnaðinn af gerð nýja reitsins, ef með hefði þurft.

Við þessa nýrækt, bæði í fyrravor og haust, var gerð nákvæm sundurliðun á öllum kostnaði, ennfremur fylgzt með öllu magni af aðkeyrðu efni. Hér á eftir set ég allar þessar upplýsingar til fróðleiks, ef einhverja lærdóma mætti af þeim draga. Auðvitað eru aðstaður aldrei hinar sömu á hverjum stað, en einhverjar almennar ályktanir hlýtur samt að mega draga af hverju verki.

Nú verður þessum framkvæmdum lýst:

Viðbætur við Miðreit og Efstareit. Legu þessara viðbóta var getið

í skýrslunni 1956. Með þessu fékkst við Miðreitinn 1.200 m<sup>2</sup> stækkun, en Efstareitinn 350 m<sup>2</sup>. Alls 1.550 m<sup>2</sup>.

Í vor lá fyrst fyrir að ganga frá lokræsum í þessi svæði. Miðreitur hér voru grafin 6 ræsi (í stað 2, er fyrir voru) með 8-10 m millibili. Dýpt þeirra var 1,20-1,30 m, Hin tvö efstu voru stutt, aðeins 11 m á lengd hvort, en hin fjögur frá 26 til 36 m löng, hið neðsta lengst. Við næstneðsta ræsið, um 10 m frá opna frárennslisskurðinum, var komið í dý, sem vatlaði úr í allan fyrravetur. Er farið var að grafa þarna, reyndist mjög djúpt til botns, 3-4 m. Varð þarna að lokum hinn mesti gígur, sem gera þurfti úr sérstakt frárennsli beint niðureftir. Var gígurinn fylltur af grjóti og mól uppundir botn á lokræsinu og vel frá öllu gengið. Trúi ég vart öðru en draugur sá, sem þarna leyndist, hafi verið rækilega settur niður. En óhemjuverk var það. - Þessi fjögur ræsi náðu langt inni gamla reitinn, sem verið hafði alltof rakur. Teljum við nú, að rakahætta sé þar að mestu fyrirbyggð. Einasta hætta gæti verið neðst á svæðinu, en þá er hægur vandi að taka þar ræsi síðar, ef með þarf.

Viðasthvarf, þar sem ræsin voru grafin, var mömýri, en næst opna skurðinum var hún grynnt og kom þar niður á jökulleir. Þau voru mun dýpri en gömlu viðarræsin, sem fyrir voru. Skýlt er að geta þess, að þau virtust algerlega óstífluð.

Í Efstareitnum voru grafin tvö ræsi, 20 m á lengd hvort. Hið efra þeirra liggur allt á allgrófu sandblöndnu malarlagi, þar sem mjög mikill vatnselgur er. Ekki er sýnt fyrr en eftir þennan vetur, hvort þarna er nóg þurrkun. Í sumar leið virtist moldin þar samt alltaf nokkuð rök.

Lengd þessara lokræsa var alls 200 m. Þau voru svo gerð, að notuð voru múffulaus rör úr steinsteypu, 4" við og um 60 cm á lengd, og þau lögð í grófa hnullungamöl úr Lagarfljótsfjörinni. Er sem næst 10 cm malarlag utanum rörin á alla vegu. Áttu þau því að tærost miklu seinna af húmussýrum en ef jörð lægi að þeim. 15 bílhlöss af mól fóru í þessa 200 m. Síðan voru þökur lagðar ofaná. Kostnaður við ræsagerð þessa varð:

1. 242 m 4" rör: Kaupverð kr. 4.755,88 + flutn. kr. 1.723,28  
= kr. 6.479,16. Pr. m kr. 26,77.
2. Akstur: 15 bílhlöss gróf mól, 1 hlass grjót, 1 hlass þökur.  
Vörubíll 32½ klst. kr. 2.569,12 + 1 hlass kr. 185,00  
= kr. 2.754,12.
3. Vinna: 357 klst. kr. 6.915,00.

Samandregið:

Rör 192 m á 26/75	....	kr. 5.139,84
Akstur á efni	.....	" 2.754,12
Vinna	.....	" 6.915,00

Alls kr. 14.809,96  
=====

Ræsallengd 200 m. Kostnaður á m kr. 74,05.

Þetta varð miklu meiri kostnaður, en áætlað var. En það ber að athuga, að með í þessum kostnaði er gígurinn mikli, sem áður var frá sagt.

Jarðvinnslan var einkum innifalin í sandflutningi og -dreifingu. Í þessa 1.550 m<sup>2</sup> var ekið 38 bílhlössum af sandi, eða 1 sandhlass á 41 m<sup>2</sup> til jafnaðar. Kostnaður varð:

1. 38 bílhlöss af sandi á 185/- ..... kr. 7.030,00
2. Vinna við jöfnun og sanddreifingu 102 klst. " 1.995,00

=====

Alls kr. 9.025,00

=====

Þá var gamli opni skurðurinn dýpkaður talsvert, þar eð hann var of grunnur fyrir nýju lokrásin. Þessi kostnaður verður hér talinn með nýræktinni, þar eð hann er bein afleiðing hennar. Miðað við dýpt er nú þessi skurður vafalaust orðinn of þröngur, og mun smátt og smátt unnið að því að víkka hann allan fram eftir.

Heildarkostnaður við stækkanirnar í fyrravor varð þá:

Framræsla .....	kr. 14.809,96
Lagfæring á gamla skurðinum .....	" 815,00
Sandur og jöfnun .....	" 9.025,00

=====

Alls kr. 24.649,96

=====

Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir, að þessar framkvæmdir kostuðu kr. 17.000. Hér hefir því verið farið verulega framúr áætlun. Má segja, að hækkan hafi orðið á öllum liðum frá áætlun, nema innkaupsverði röranna. T.d. höfðum við vonað, að hægt yrði að taka mölina í fjörunni neðan við Mörkina og aka henni á tikturvagninum að skurðunum. Þetta reyndist af mörgum sökum ógerlegt, er til kom, svo að sækja varð mölina útá Langasand á bíl. Þá þóttu okkur 30 bílhlöss af sandi of lítið og þöttum 8 við, enda sízt of mikið. Rörin þurfti að sækja í 2 ferðum á Eskifjörð í stað einnar, sem atlað var, o.s.frv. - Allt er þetta til þess að draga lærdóma af og tjóar ekki um að skast á eftir.

Nýi reiturinn. Hinn 23. ágúst hófst vinna við að fella skóginn fyrir hinum nýja græðireit. 13. september svipti jarðýtan upp fyrstu rötarnýðjunum þar og 4. október var svæðið að mestu jafnað, eftir að jarðýtan hafði verið þar stanzlaust að verki alla virka daga. Hinn 3. desember var lokið við að dreifa þar úr síðasta áburðarhlassinu og reiturinn þá tilbúinn undir lokahefjun, sem bíður vors.

Þessi nýi reitur liggur þar sem áður var sitkagreniteigurinn frá 1938. Þau fáu nýtilegu sitkagrenitré þaðan, sem ekki voru seld í fyrravor, voru flutt uppí skóg. Reiturinn nær að ofan frá lerki- og broddgreniteigunum frá 1937 og alveg niðurá barðið ofanvið gamla furulundinn, en framað barðinu, þar sem halla tekur að Kerlingaránni.

Hið rudda svæði er  $51 \times 85 \text{ m} = 4.345 \text{ m}^2$ , og er þá meðtalinn aðalvegurinn niður gegnum Mörkina, sem hefir nú verið færður á útjaðar þessa svæðis. Er ætlunin að gróðursetja limgerði á milli hans og græðireitsins. Nettóflatarmál sjálfs græðireitsins nýja er  $46 \times 75 = 3.450 \text{ m}^2$ , en meðfram endum hans að ofan og neðan eru 3 m breiðir vegir.

Mýrarsund mjög rakt lá inni svæði þetta rétt ofanvið gamla sitkagreniteigin. Var byrjað á að grafa í það lokrasi, sem nær úti opna skurðinn við neðri jaðar Efstareits. Rasi þetta var gert á sama hátt og hin lokrásin, sem lýst var, nema hvað rörin entust ekki nema í 50 m. Í hitt var notuð mjög gróf hnúllungamöl af Langasandi, sem líklega er afbragðsefni í lokrasi eintóm. Alls er lengd rasisins, sem greinist í tvennt í mýrarsundinu, 90 m. Kostnaður við gerð þess varð:

1. 50 m rör á 26/77 .....	kr. 1.338,50
2. Akstur: Vörubíll í 6½ klst. (4 hlöss möl)	" 516,68
3. Vinna 207½ klst. ....	" 4.130,00
Hér í akstur á 5 vagnhlössum af möl	

Alls kr. 5.985,18

Lengdarmetri rasis kr. 66,50.

Eftir að allar rótarhnyðjur höfðu verið losaðar, mold elt af þeim með jarðýtunni og þeim ekið burt, var gróðurmoldarlagið fært til hliðar, en landið svo jafnað undir og gróðurmoldinni jafnað yfir aftur í 20-25 cm þykku lagi. Þessa tilfærslu þurfti að taka í þremur áföngum á svæðinu. Efst á því var barðið ofanvið mýrarsundið lækkað um 1½ m og efnið, er þannig fékkst, notað til þess að fylla upp í sunðið. Þarna kom niður á malarlag - gamlan lækjarframburð - en hvergi varð vart við klöpp. Mjög var vandað til jöfnunar landsins undir gróðurmoldarlagið og sérstök áherzla lögð á, að gróðurmoldin væri sem jöfnust að þykkt, og tókst það áreiðanlega vel. Reiturinn liggur í plani, sem hellar út og norður lítið eitt. Hinn 1½ m hái kantur, sem myndaðist ofan við reitinn og lækkar að framanverðu við hann niður í ekki neitt, var jafnaður til fullnustu og tyrfður með túnbökum frá Ormsstöðum.

Ekið var í reitinn 70 bílhlössum af sandi, eða 1 hlassi á 50 m<sup>2</sup>. Slíkt sandlag er 5-7 cm þykkt til jafnaðar. Er það áreiðanlega ekki of mikið, þegar þess er gætt, að við vinnslu með jarðtætara dreifist það í 20-25 cm þykkt vinnslulag. Til þess að sanddreifingin yrði sem jöfnust var svæðinu deilt niður í 50 m<sup>2</sup> afmarkaðar skákir og síðan dreift úr hverju bílhlassi á nákvæmlega eina skák. Var þetta verk unnið af fullkominni samvirkusemi.

Vegagerð. Í sambandi við ofantaldar nýræktarfræmkvæmdir er unnið að að því að gera gott vegakerfi milli græðireitanna. Þetta er því meiri nauðsyn sem reitirnir eru margir og aðskildir. Í fyrravör og haust hafa verið ruddir í Mörkinni 250 m langir vegir. Af þeim eru 200 m fulljafnaðir og ætlunin að malbera þá í vetur, ef færi leyfir. Í því skyni var í haust allmiklu af möl ýtt upp í hauga í fjörunni neðanvið Mörkina, en fengin reynsla sýnir, að þannig vinnst best með smokstrartækinu við FERGUSON, að hægt sé að moka úr lausum haugum.

Heildarkostnaður við nýræktina í haust:

1. Ruðningur, jöfnun og vinna við kanta og að nokkru leyti við vegi:		
Vinna 422 klst. ....	kr. 8.395,00	
Ytavinna 130 klst. ....	" 7.150,00	15.545,00
2. Sandakstur og dreifing:		
Akstur 70 bílhlöss .....	" 8.887,40	
Mokstur á bíla 52½ klst. ....	" 1.215,00	
Sanddreifing 78 klst. ....	" 1.570,00	11.672,40
3. Vegagerð (mest frá vorinu):		
Vinna 64½ klst. ....	"	1.285,00
4. Holræsi skv. fyrrgreindri sundurl.	"	5.985,18

Alls kr. 34.387,58

Auk þess sem hér hefir verið talið af sandakstri í nýrækt, var ekið 8 bílhlössum af sandi, sem notaður var aðallega við sáningu og vetrarumbúnað. - Alls hefir þá verið ekið í græðireitinn á árinu 116 bílhlössum af sandi.

## 2. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað í græðireitinn á árinu:

500 kg brennisteinssúrt kalí,  
750 " þrífosfat,  
875 " ammóníumnítrat.

Birgðir í árslok:

300 kg brennisteinssúrt kalí,  
100 " þrífosfat,  
25 " ammóníumnítrat.

Af húsdýráburði var notað:

51 tonn sauðatað (17 bílhlöss),  
51 " kúamykja (17 bílhlöss), sem ekið var í nýja reitinn.

Heildarkostnaður við innkaup, flutning og dreifingu á burðar á árinu varð um 24.400 kr. Til áburðar voru ætlaðar kr. 18.000 á árinu. Þar eð innkaup, flutningur og dreifing áburðarins í nýja reitinn (kr. 7.400) heyrir til næsta ári, má segja, að þessi áætlun hafi staðizt vel. Að vísu er óuppgert fyrir 7 bílhlöss af sauðataði, er keypt voru á þessu ári. Verður það látið koma á áburðarreikning 1958.

## 3. Sáning.

Tafla III sýnir tegundir og fræmagn, er sáð var vorið 1957. Sáðfletir urðu nú líðlega 160 m<sup>2</sup> minni en árið áður. Ber ekki að harma það, einsog aðstæður eru hér, því að sáðfletir undanfarinna ára hafa verið alltof stórir miðað við stærð græðireitsins.

Tveimur tegundum, sem fræ var sent af, var ekki sáð á árinu: stafa furu og lindifuru. Átlunin hafði verið að sá þeim um haustið, einsog við höfum gert með þær tegundir með ágætum árangri, en þegar til kom höfðum við engan hentugan blett fyrir þessar prufur. Sem betur fer voru þær báðar litlar, svo að lítill skaði er skeður, þótt þær bíði næsta hausts. Þá var ekki um að ræða að sá öllu sitkagrenifræinu, sem sent var í fyrra vor.

Fræseðlarnir bera með sér, að við gátum sáð viðkvæmasta barrtrjáfræinu um viku fyrr en árið áður og birkinu nokkru fyrr. En öllu því fræi, sem sáð var í Efstareit, tókst ekki að sá fyrr en síðast í júní. Fyrir því voru sömu ástæður og áður: fyrst varð að taka upp dreifsetningarpöntur úr sáningarsvæðinu.

Í heild má segja, að sáningin hafi tekizt allsæmilega. Birkið, einkum frá Hallormsstað, er ágætt, má áreiðanlega ekki vera þéttara. Kínagrenið er afargott og sitkagrenið má teljast ágætt. Rauðgrenið mun betra en í fyrra og brodd- og blágrenið sæmilegt. Einnig fjallapínurinn. Hins vegar spíraði Rússalerkið allt illa, einkum frá Arkangelskhéraði. Það er mjög gisið, ennfremur kom fjallapöllin miklu verr upp en í fyrra.

Af barrtrjáfræi héðan frá Hallormsstað var sáð broddfuru (kom sæmilega upp), blágreni (nokkrar smáar plöntur komu upp), rauðgreni og fjallaþin (engin spírun).

Fræið, sem sáð var haustið 1956, kom mjög vel upp og einskis röturbruna varð vart í staðfurunni, einsog vorið áður.

Kostnaður við sáningu varð að þessu sinni kr. 6.140,-, eða kr. 7,45 á m<sup>2</sup>. Er það lægra en í fyrra, og heildarkostnaðurinn um 4.000 kr. lægri en áætlað.

Tafla III. Fræsáning á Hallormsstað vorið 1957.

Tegund	Uppruni	Merki	Kg	m <sup>2</sup>	Fræs.
✓Birkí, ísl.	Hallormsstaður	004- 100-56	3,00	134,0	182
✓Birkí, ísl.	Bæjarstaður	001- 100-55	2,00	66,0	181
✓Seinbirkí	Snður-Sachalin	4402- -55	0,25	8,0	584
✓Blágreni	Sapinero, Colo.	2003-3100-55	0,40	16,0	183
✓Brodð- og blá.	Sapinero, Colo.	2050-3100-55	0,50	25,0	184
✓Brodðgreni	Sapinero, Colo.	2100-3100-56	0,50	23,0	185
✓Hvítgreni	Fort StJames, Canada	312-1000-56	0,20	6,0	560
✓Kínagreni		3500- -56	1,00	30,0	238
✓Rauðgreni	Elsfjord	3420- 200-54	0,61	21,5	233
✓Rauðgreni	Grane, Vefsen	3410- 100-54	1,00	37,5	234
✓Rauðgreni	Snása	3417- 100-51	2,00	76,5	227
✓Sitkagreni	Cordova	108- 100-54	0,28	9,0	579
✓Sitkagreni	Seward, KenaiLake	102- 100-56	3,00	94,5	186
✓Rússalerki	Arkangelskhérað	3655- -56	2,00	67,5	581
✓Rússalerki	Vegabréf 38	3654- -56	1,00	30,5	235
✓Siberíulerki X			0,20	7,5	236
✓Skógarfura	Altai, Síbería	3009- -55	0,50	20,0	582
✓Skógarfura	Pribaltica, Lettl.	3010- -55	0,30	14,0	583
✓Skógarfura	Troms hliðar	3005- 100-38	1,00	30,0	222
✓Fjallapöll	Seward, Kenai Lake	602- 100-56	1,00	30,5	187
✓Balsampínur	Salmonier Avalon Pen.	2750- -55	0,50	5,0	558
✓Fjallapínur	Sapinero, Colo.	901-3000-55	2,00	19,5	188
✓Hvítpínur	Sapinero, Colo.	2400-3000-55	1,00	20,0	556
✓Douglasgreni	Blue Mesa	2700- -55	0,70	19,5	557
✓Ýmsar prufur				12,5	
Alls			24,94	823,3	

#### 4. Dreifsetning.

Tafla IV sýnir tegundir og plöntufjölda, er dreifsett var á vorinu og sumrinu. Er það tæplega 70.000 ferra en áætlað var. Hins vegar komu úr stöðinni 487.000 plöntur til dreifsetningar, en af þeim voru um 77.000 sendar til annarra stöðva. Tafla V sýnir fjölda einstakra tegunda af þeim. Ef heildartölurnar fyrir hverja tegund eru bornar saman við talningu dreifsetningarplantna í fyrra, sést, að furðulitlu munar víðast. 2/0 sitkagrenið frá Cordova hefir raunar verið ofmetið um 20.000 en það má teljast afsakanlegt, því að mygla kom upp í því í fyrrahaut og varð því að kasta miklu úr því. Á hinn bóginn varð úrkastið úr sölu-plöntunum miklu meira en áætlað var, fyrst og fremst af blágreni og sitkagreni, en einnig hvítgreni.

Um dreifsetninguna er það annars að segja, að veðurskilyrðin voru með afbrigðum óhagstæð til þessa verks, mikið sólfar og sama sem engin úrkoma. Nokkuð bætti þó úr skák, að stillur voru yfirleitt miklar. Með því að leggja óhemjuverk í vökvun tókst þó að bjarga frá stórslysi. Eg held vel hafi tekizt með allt greni, þótt ekki verði það séð til fulls fyrr en á vori komanda, hvernig sitkagreninu hefir gengið að standa af sér mygluna. Lerki, birki og elri tókst ábyggilega mjög bærilega, og



broddfura mjög vel. En illa tókst til með staffuruna. Verða á henni afarmikil vanhöld. Er enginn vafi á, að það er hin alltof þetta sáning, sem þar er orsök. Plönturnar voru ákaflega grannar og væskilslegar, en ekki um annað að ræða en taka þær upp. Reynslunni ríkari hefði ég nú látið kasta hátt í helmingi þess, sem við dreifsettum. Þá virðist afar illa hafa til tekið með gráfuruna. Verður ekki mikið lifandi af henni. En þar eru orsakir slyssins óljósari en með stafafuruna.

Tafla IV. Dreifsetning á Hallormsstað 1957.

			Fræs. nr.
<u>Birki, íslenzkt</u> , Bæjarstaður, 2/0	11.200	v	301 x
<u>Álmur</u> ; Beiarn, Noregi, 2/0	1.700		
" Lund, Svíþjóð, 2/0	600		
		2.300	
<u>Grádelri</u> , Rognan, Noregi, 2/0	6.400		325
<u>Reynir</u> , Fljótshérað, 3/0	3.200	v	
<u>Broddfura</u> , Fairplay, Colorado, 3/0	2.000		
" Salida, Colorado, 2/0	8.000		
		10.000	x 314
<u>Gráfura</u> , Salida, Colorado, 2/0	15.500	x	313
<u>Gulfura</u> , Sapinero, Colorado, 2/0	2.000	x	316
<u>Lindifura</u> , Boxbacka, Finnland, 2/0	3.700	x	
<u>Stafafura</u> , Wedellsborg, Danmörk, 3/0	3.600		
" Skagway, Alaska, 3/0 (400 m y.h.)	17.200		
" " " 3/0 (250 m y.h.)	52.700		
		73.500	x
<u>Skógarfura</u> , Sør-Salten, Noregi, 3/0	5.500	x	
<u>Rússalerki</u> , Arkangelsk, Vélsk, 2/0	4.200		310
" Karpinsk, Úral, 2/0	5.200		309
		9.400	x
<u>Síberíulerki</u> , Askiz, Krasnojarsk, 2/0	72.000		311
" Chebalinsky, Altai, 2/0	17.900		312
" " " 3/0	2.000		
		92.100	x
<u>Hvítbinur</u> , Sapinero, Colorado, 2/0	200		
		7.500	v 321
<u>Blágreini</u> , Colorado, 3/3	26.200	x	
<u>Broddgreini</u> , Sapinero, Colorado, 4/0	500		
" " " 3/0	2.600		
		3.100	x
<u>Hvítgreini</u> , Knik River, Alaska, 2/3	6.800	x	
<u>Rauðgreini</u> , Grane, Vefsen, Noregi, 3/0	13.900		
" af 8 norskum kvæmum, 3/0	9.300		
		23.200	v
<u>Sitkabastarður</u> , Lawing, Alasca, 2/0	4.600		164
" " " 3/0	18.300		
" " " 3/2	6.600		
		29.500	x
<u>Sitkagreini</u> , Cordova, Alaska, 2/0	45.300		308
" Seward, Alaska, 3/0 (frá frá '52)	14.700		
" " " 3/0 ( " " '50)	1.400		
" MacLeod, Alaska, 3/0	6.100		
		67.500	x
<u>Greini, sp.</u> , Lawing, 2/0 (úr þallarbeði)	1.400	x	322
<u>Greini</u> , samsafn úr söluplöntuúrkastrí 1957	2.200	x	
<u>Fjallaböll</u> , Lawing, Alaska, 2/0	3.300	x	322
<u>Marböll</u> , Cordova, Alaska, 2/0	500	x	323
<u>Ymsar prufur</u> , flestar 3/0	3.300		

=====  
Alls 409.300  
=====

92 100  
9 400  
101 500

10 000  
15 500  
2 200  
28 700

Græðlingar:

Bingviðir .....	4.200
Gulviðir .....	2.200
Viðja .....	1.300
Loðviðir .....	200
Heggur .....	600
Alaskaösp 0/1 .....	200
" .....	1.200
Rifs 0/1 .....	200
" .....	2.400

-----  
 Alls 12.500  
 =====

Tafla V. Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annarra gróðrarstöðva. *hvert*

		Fræs. nr.
<u>Birki, íslenzkt, Hallormsstaður, 2/0</u> .....	7.500*	302
<u>Grællri, Rognan, 2/0</u> .....	400*	325
<u>Reynir, Fljótshérað, 3/0</u> .....	2.600*	
<u>Stafafura, Skagway, 3/0 (400 m y. h.)</u> .....	17.000*	
<u>Siberiulerki, Askiz, 2/0</u> .....	3.000*	311
<u>Blágreini, Colorado, 3/3</u> .....	1.900*	
<u>Broddgreini, Sapinero, 4/0</u> .....	8.800	
<u>Rauðgreini, Grane, Vefsen, 3/0</u> .....	2.000*	
<u>Sitkagreini, Cordova, 2/0</u> .....	20.000	308
" MacLeod, 2/3 & 3/2 .....	8.600	
" Seward, 2/3 .....	4.200	32.800*
<u>Sitkabastarður, Lawing, 3/0</u> .....	2.000*	

-----  
 Alls 78.000  
 =====

Að þessu sinni unnu 8 stúlkur meira eða minna að dreifsetningunni. Eg hefi gert sams konar athuganir í sambandi við vinnuna og í fyrra til þessa að fá samanburð á árum. Fara niðurstöður hér á eftir:

Allur kostnaður við dreifsetningu nam nú um 44.700 kr., en dreifsettar plöntur og græðlingar til samans voru 421.800. Til jafnaðar verður þá kostnaður á plöntu 10,6 aurar. Er með í þessu öll vinna við upptöku, sortéringu, niðurslátt úrkasts úr söluplöntum til bráðabirgða, beðun, dreifsetningu og klippingu græðlinga og dreifsetningu þeirra.

Dreifsettar voru nú í ákvæðisvinnu 229.200 plöntur, en í vinnu á föstu kaupum 180.100 plöntur, auk græðlinganna. Í ákvæðisvinnuna fóru 472 klst., en hin vinnan stóó í 1008 klst. Meðalafköst urðu því:

	Í ákvæðisvinnu	Á föstu kaupum	plöntur
Á 1 vinnustund	486	179	
" 8 "	3.888	1.432	"
" 9 "	4.374	1.611	"
Vinnukostnaður	3,70 aurar	6,75 aurar á pl. til jafnaðar	

Upptaka, sortéring og niðursl. til bráðabirgða kostaði 4,05 aura á pl. til jafnaðar.

Vinna við dreifsetningu græðlinga kostaði 10,4 aura á stk.

Mestu dagsafköst einnar stúlku á 9 klst. urðu 7.277 plöntur.

sinn

Það hlýtur að vekja furðu, hve gífurlega afköst í dreifsetningunni hafa fallið frá tveimur síðustu árum, einkum meðalafköstum ársins 1956. Að vísu var þess ekki að vanta, að þau yrðu eins mikil og hin árin, því að nú var dreifsett svo mikið lerkí, en það er miklu seinlegra en greni af hentugri stærð. Meginástæðan er eflaust sú, að í þessum var hér engin afreksmanneskja, sem dreifsetti í ákvæðisvinnu, til þess að vera hinum línugerðari fyrirmynd, einsog 1955 og 1956. Eða öðruvísi orðað: Það vantaði forystusauðinn! Eg er ekki í minnsta vafa um, að þetta er meikilvagara atriði en ætla mætti í fyrstu.

Tafla VI. Plöntur til dreifsetningar á Hallormsstað 1958.

			Fræs. nr.
<u>Birki</u> , íslenzkt, Bæjarstaður, 3/0 .....	15.000		301
<u>Reynir</u> , Fljótsdalshérað, 3/0 .....	allt að 10.000		
<u>Skógarfura</u> , Troms strönd, 3/0 .....	24.000		319
<u>Stafafura</u> , Skagway, 2/0 .....	6.000		170
" Sapinero, Colo., 2/0 .....	1.400		317
" Salida, Colo., 2/0 .....	1.500	8.900	318
<u>Dahúríulerki</u> , Aldan, 2/0 .....	60.000		379
" Amaga, 2/0 .....	1.200		380
" Tommot, 2/0 .....	1.600		381
" Sínsk, 2/0 .....	900		383
" Komsomolsk v/Amúr, 2/0 .....	800	64.500	382
<u>Rússalerki</u> , Yarensk, Arkangelsk, 2/0 .....	1.500		377
<u>Siberíulerki</u> , Sverdlovsk, 2/0 .....	6.000		374
<u>Brodd- og blágreni</u> , Sapinero, Colo., 3/0 .....	65.000		304
<u>Hvítgreni</u> , Granite Creek, 2/3 .....	2.600		
" 5 kvæmi, Alaska, 3/3 .....	3.100	5.700	
<u>Rauðgreni</u> , Nord-Helgeland, 3/0 .....	60.000		159
" Ívdél, Úral, 3/0 .....	12.000		307
" Drevja, Vefsen, 2/3 .....	5.400		
" " " 3/2 .....	4.400		
" Baden, Þýzkaaland, 2/3 .....	400		
" 10 norsk kvæmi, 2/3 .....	9.100	91.300	
<u>Sitkabastarður</u> , Lawing, 2/0 .....	90.000		371
" " 2/3 .....	7.100	97.100	
<u>Sitkagreni</u> , Cordova, 2/0 .....	250.000		308 & 370
" MacLeod, 3/3 .....	1.000		
" Seward, 2/3 .....	5.800	256.800	
Alls		645.800	

Um dreifsetningarplönturnar 1958 er helzt að segja: Sitkagrenið frá Cordova gæti einna helzt verið oftalið. Það er ákaflega þétt (dreif-sáning), frá 2.400 til 4.000 plöntur á m<sup>2</sup>. En plönturnar eru ekki eins hávaxnar og 2/0 sitkagrenið frá Cordova í fyrra og engrar myglu hefir oríð vart, enda köfnunarefnisgjöf af ásettu ráði dregin við það s.l. vor. Dahúríulerkið er afarálitlegt, ekki sízt Aldan-kvæmið. Þegar hefir komið í ljós einn feikilegur kostur við það umfram síberíu- og rússalerkið: Það lýkur vexti einum 10 dögum fyrr en t.d. Arkangelsk-kvæmið. Eftir upplýsingum, sem ég hefi nýlega fengið, springur það líka líka seinna út á vorin. Þetta getur átt eftir að hafa ómelda þýðingu. Undantekning frá þessu er þó Komsomolsk-kvæmið (frs. nr. 382). Það ásamt Sverdlovsk-kvæminu (frs. nr. 374) er sýnilega alltof suðlægt kvæmi. Þessi tvö guln-uðu líklega einum þremur vikum seinna en flest hinna lerkikvæmanna. Eg gef þessar upplýsingar strax, svo að það sé ljóst, að fræ frá þessum

slóðum hentar okkur ekki.

Þrátt fyrir stækkun græðireitsins á árinu mun ekki veita af mestu lausu plássi til þess að taka við þessum dreifsetningarplöntum. Enn verður því ekki um að ræða að láta neitt sem heitir af reitnum hvíla sig.

5. Afhentar plöntur.

Tafla VII yfir afhentar plöntur úr stöðinni sýnir, að þær urðu 6.800 fleiri en áætlað var eftir talningu haustið áður.

Tafla VII. Plöntur afhentar úr græðireitnum á Hallormsstað 1957.

<u>Birki, íslenzkt, Bæjarst. og Hallormsstaður</u> 2/0 & 3/0 ..		18.280x	
<u>Hengibjörk, Tammerfors, Finnland,</u> 2/2 .....	90		
" Rognan, 3/2 .....	50		
" Romedal, 2/0 .....	50	190x	
<u>Gráelri, Rognan,</u> 2/0 .....		2.593	
<u>Reynir, Fljótisdalshérað,</u> 2/3 & 2/3/2 .....		1.278x	
<u>Þingvíðir, 0/1 &amp; 0/2</u> .....		1.061	
<u>Gulvíðir, 0/1 &amp; 0/2</u> .....		2.128	
<u>Viðja, 2/0</u> .....		1.309	
<u>Rífs</u> .....		75	
<u>Evrópulerki, Boxbacka, Finnland,</u> 3/0 .....	370		
" Schlitz, Þýskalund, 3/0 .....	25x	395x	1
<u>Dahúríulerki, Boxbacka, Finnland,</u> 3/0 .....		25x	595
<u>Síberíulerki, Chebalinsky, Altai,</u> 2/0 .....	235		25
" " " 3/0 .....	5.750		8 110
" Vostopstho-Kagakshii, 3/0 .....	200		4550
" Hakaskoja, 2/2/2 & 3 .....	425		
" Raivola, 2/2/1 .....	1.500	8.110x	
<u>Skógarfura, Sör-Salten,</u> 3/0 .....		12.795x	
<u>Stafafura, Wedøllsborg, Dänmörk,</u> 3/0 .....		3.825x	
<u>Blágreini, Colorado,</u> 3/3 .....		26.154x	
<u>Hvítgreini, Knik River,</u> 2/3 .....	4.110		
" Moose Pass, 2/4 .....	2.654	6.764x	
<u>Rauðgreini, Rana,</u> 2/3/2 .....	2.194		
" Solör, 3/3/2 .....	550		
" Trysil, 3/3/2 .....	471		
" Umeå, 2/3/2 .....	4.090		
" Innfluttar frá Norður-Noregi, 2/2/4 .....	375	7.678x	
<u>Sitkabastarður, Lawing,</u> 3/2 .....		5.715x	
<u>Sitkagreni, MacLeod,</u> 2/3 & 3/2 .....	5.993		
" Seward, 2/3 .....	4.951		
" Homer, 2/2/2 .....	480	11.424x	

Alls 109.800

Aðeins af garðplöntutegundunum reyni, þingvíði, gulvíði og viðju voru afgreiddar færri plöntur en taldar voru og stafafuru órlítið. Af viðjunni reyndust um 500 færri, en við sátum uppi með heilmikið magn af hinum tegundunum. Að vísu var allmikið af hinum óselda þingvíði klippt niður og dreifsett á ný, en mikið er enn í niðurslætti og bíður sölu næsta vors. Af öllum hinum tegundunum kom meira magn en áætlað, einkum hvítgreini, sitkabastarði og sitkagreni. Kom það sér auðvitað vel í plöntufæðinni. Svo vel tókst til, að Raivolalarkerkið, sem slegið hafði verið niður 1956, jafnaði sig nú furðanlega og var mestu af því, sem

nothæft reyndist, plantað hér.

Heildarkostnaður við plöntusölu varð 19.700 kr., eða 17,9 aurar á plöntu. Vinnukostnaður af þessu var kr. 17.500, eða 15,9 aurar á pi.

Triásala var nú mun meiri en 1956. Var það einkum vegna þess, að nú þurfti að rýma sitkagreniteigin frá 1938 í Mörkinni. Þótt margt af trjám þessum væri heldur óhrjáleg útlits, voru þau bókstaflega rifin út. Aldrei var þetta auglýst, en kvisaðist furðufljótt, og þá létu pantanir ekki á sér standa. Það var segin saga, ef vörubíll frá einhverju kauptúninu hér á fjörðunum hafði að kvöldi komið heim með farm af trjám, linnti ekki símahringingum með pöntunum næsta dag! - Trén fóru flest í Egilsstaðakaupþún og á Reyðarfjörð, Eskifjörð og til Neskaupstaðar. Einnig var dálítið af hnausabirki selt úr skóginum. Þetta var selt:

141 stk.	sitkagreni	úr Mörkinni
1 "	broddgreni	" "
3 "	blágreni	úr Króklækjarteig
77 "	birki	

-----  
222 stk. alls.  
=====

Andvirði trjánna á upptökustað var alls kr. 9.555,-.

Auk þessa var Alþýðuskólanum á Eiðum afhent 11 sitkagrenitré með hnaus til gróðursetningar á skólalóðinni.

Tafla VIII er yfir söluplöntur á vori komanda. Einsog við plöntutalningar undanfarinna ára, er hið melda úrtak oftast nákvæmt 5% af flatarmáli í söluplöntubeðunum. - En að því er varðar viðinn og reyniviðinn, er um áætlun að ræða, en áreiðanlega er hún varleg. Hið sama gildir um álminn. Um hann skal tekið fram, að mest af honum er yfir 50 cm og talsvert er af 70-80 cm háum plöntum, mjög fallegum. Þessi tegund virðist þannig vera sérlega hraðvaxta, og hún er ákaflega auðveld í uppeldi.

Til fróðleiks hefi ég að þessu sinni haft töflu VIII nokkru fyllri en áður. Hefi ég fært með fjölda dreifsettra plantna af hverju partíi og söluplöntur í % af dreifsettum. Virðist mér mikil glöggvun í að hafa þessar upplýsingar allar á einu blaði.

Hér kemur í ljós, að hið mesta, sem vanta má, að komi til sölu efti 2-3 ár í dreifbeðum af greni, er um 70%. Þannig er um 3/2 rauðgrenið frá Drevja, sem dreifsett var í fyrra. Dreifplönturnar voru þá sortéradar í tvo stærðarflokka og er þetta partí af stærri plöntunum. Á hinum minni hafa orðið feikileg vanhöld. Beðin með þessum stærri plöntum frá Drevja eru að sjá svo ákaflega jöfn og falleg, að ég varð satt að segja undrandi yfir, að ekki skyldi meira af plöntunum koma til sölu. Ekki er fyllilega hægt að bera saman þessar plöntur og 2/3 plönturnar frá Drevja sem dreifsettar voru ári á undan, því að hinar síðarnefndu voru ekki flokkaðar í dreifsetningu. Annars kom fyrir óhapp með þær plöntur, sem gerir, að þær koma ekki nema 63% til sölu af dreifsetningunni. Ella hefði árangur með þær orðið mjög góður.

Um sitkabastaðinn skal það sagt, að þær plöntur eru mjög misjafnar að stærð. Af þeim er þó nokkuð yfir 25 cm, en líka mjög mikið við lágmarkið. - 3/3 sitkagrenið frá MacLeod eru mjög jafnar og stórar plöntur, eitt hvert fallegasta partí af sitkagreni, sem hér hefir verið. En af öllu ber þó sumt af 2/3 rauðgreninu frá Drevja. Þær plöntur eru frábæralega fallegar og jafnar. - Hins vegar verður ekki hið sama sagt um tví- og þrídreifsettu greniplönturnar að þessu sinni. Þær eru heldur ólöglegar ennþá, en óhjákvæmilegt er að losa beðin, sem þær eru í.

Tafla VIII. Söluþlöntur á Hallormsstað vorið 1958.

Tegund	K v æ m i	Söluþl. yfir 12 cm	Undir 12 cm	Dreif- settar	Söluþl. % dreif- settum
Rauðgreni 2/3	Mittre Hedmark .....	4.000	500	6.287	64
"	Namdal ytre .....	7.100	1.300	13.753	51,5
"	Höylandet .....	3.500	500	7.403	47,5
"	Vestfold .....	2.500	1.200	5.063	49,5
"	Vang, Hedmark .....	1.700	300	2.692	63
"	Sör-helgeland .....	5.600	800	8.672	71
"	Sparbu .....	4.900	1.600	10.345	47
"	A 300 .....	3.500	500	5.860	60
"	O 200 .....	3.600	900	6.134	59
"	Rana .....	1.900	1.500	4.788	40
"	Drevja, Vefsen .....	58.900	5.450	93.350	63
"	Baden, Þýskalaland ..	1.400	400	2.335	60
"	Drevja, Vefsen .....	32.200	4.400	46.300	70
" 2/2/2/2	Rana .....	800		1.000	
" alls		131.600	19.350	213.984	61,5
Hvítgreni 2/3	Granite Creek .....	9.900	2.600	19.398	51
" 3/3	Falk River .....	1.800	800	5.128	35
"	Moose Pass .....	1.950	950	5.536	35
"	Glennallen .....	350	100	1.455	24
"	Alaska Highway .....	400	100	400	NB!
"	Tok Junkton .....	450	1.200	5.780	8
" 2/3/2	Moose Pass .....	2.000		2.600	77
" alls		16.850	5.750	40.297	42
Sitkagreni 2/3	Seward .....	11.800	5.800	29.938	39
" 3/3	MacLeod .....	6.850	1.000		
" 2/2/2	Homer .....	6.000		8.400	71
" 2/3/2	Seward .....	1.000			
" alls		25.650			
Sitkabast. 2/3	Lawing .....	25.250	7.100	50.598	50
Skógarfura 3/0	Troms strönd .....	12.500			
Birki 3/0	Bæjarstaður .....	15.000			
" 3/2	Bæjarst. & Hall. ....	2.500			
Álmur 1/2	Beiarn .....	4.000			
Garðbirki 3/2	.....allt að	500			
Þingvíðir	....." "	4.000			
Gulvíðir	....." "	1.500			
Reynivíður	....." "	1.500			
Alaskaösp	.....	900			
Rifs	.....	100			
Söluþl. alls		241.850			

6. Nokkur atriði varðandi vökvun og hreinsun.

Ekki verður svo skiligt við kaflann um græðireit, að ekki sé minnst á vökvunina á s.l. sumri. Kostnaður við þetta verk varð hvorki meira né minna en kr. 14.750 ! - eða tæplega 11.000 kr. meira en áætlað var. - Auðvitað á hin óvenjulega þurrkatið meginþáttinn í þessu. En mestu skipti samt hitt, að fasta vatnsleiðslu vantaði í Miðreitinn, svo að ekki var hægt að nota hið sjálfvirka vökvunarkerfi þar, og notast

varð enn við hina gömlu, ófullkomnu vatnsleiðslu í Neðstareitinn. Ber nú brýna nauðsyn til að leggja fasta leiðslu í alla reitina á þessu vori.

Kostnaður við hreinsun varð nú um 10.000 kr minni en áætlað var. Er enginn vafi á, að sinn þátt í þessu á sú staðreynd, að hafizt var nú handa um kemíska illgresiseyðing. Hafði Páll Guttormsson kynnt sér þetta og unnið við það í Noregi í fyrra. Voru nú keyptar 2 tunnur af illgresisolíum og notað úr þeim að mestu. Samt lítum við á úðunina s.l. sumar aðeins sem byrjunarathugun. - Páll skrifar eftirfarandi upplýsingar um úðunána á sumrinu og árangur af henni:

Olíur sem notaðar voru: Shell illgresisolía og White Spirit.

Fyrsta athugunin var gerð síðast í júlí og voru þá úðuð 4 dreifbeð frá fyrra ári. Notaðir 6 l af olíu á 100 m<sup>2</sup> (hér verður olíu magnið á eftir miðað við 100 m<sup>2</sup>). Ríkjandi illgresi var varpasveifgras og haugarfi. Illgresið hafði komið svo þétt upp, að það myndaði samfellda breiðu. 5 dögum eftir úðun voru tæp 90% af illgresinu upptærð niður í rót. Eftir mjög skamman tíma fór það, sem eftir lifði af illgresinu að vaxa að nýju og varð þá að reita það.

Alls var údað á sumrinu hátt á fjórða þús. m<sup>2</sup>. Nokkur hluti þess var götur. Í dreifbeð voru notaðir 4-6 l, en 8 l í götur.

Þá var gerð athugun á kostnaðarmismun kemískrar eyðingar og handreitingar.

Athugun þessi var gerð í dreifbeðum af sitkagreni frá sumrinu. Spildu þeirri, er notuð var, var skipt niður í reiti þannig, að beðhlutar og heil beð voru á víxl úðuð og óúðuð. Notaðir voru 5½ l af olíu

Kostnaður þar sem olía var notuð: 1) Olía kr. 25,-. 2) Vinna við úðun kr. 15,-. 3) Hreinsun á eftir kr. 30,-. Alls kr. 70,-.

Kostnaður við að handhreinsa sama flatarmál, þar sem ekkert var údað, varð kr. 140,-, eða helmingi meiri.

Í heild varð sú niðurstaða, að því stærra sem illgresið er, þeim mun meiri olíu þarf til að eyða því, og árangurinn verður verri.

Byrjað var á athugun með að úða í lerkibeðum til þess að komast að raun um, hvort lerkid þolir úðun eða dregur úr vexti þess. Í haust sá enn ekkert að ráði á þeim lerkiplöntum, sem údaðar voru.

## V. Gróðursetning.

Gróðursetning hófst hinn 3. júní (eftir að lokið haði verið við að leggja til lim á gróðursetningarsvæðunum) og lauk að fullu hinn 11. júlí. Páll Guttormsson stjórnaði þessu verki og vann sjálfur með. Auk hans unnu við gróðursetninguna 2 stúlkur og 2 piltar til um 20. júní, en 3 eftir það. Var þetta mjög samhentur hópur, sem leysti verkið ágætlega af hendi.

Einsog tafla IX sýnir, var gróðursett 3.400 plöntum fleira en áætlað var. 3/0 Reyndist fleira en talning hafði sýnt, auk þess þótti okkur sjálfsagt að setja niður Raivola-lerkið. Þá komu til smáafgangar af grenitegundum og 800 blágreni, sem ekki var á áætlun.

Heildarkostnaður varð kr. 23.300, eða kr. 1,30 á plöntu. Er það nokkru lægri kostn. á plöntu en árið áður. Vinna við að leggja til lim er með í þessu.

Átlunin hafði verið að reyna nú ákvæðisvinnu við gróðursetninguna, en úr því varð ekki. Þar sem bezt hefði verið að koma því við, settum við ódreifsetta lerkid, en sakir þess hve rótarlítið það var og veðráttu óhagstæð, þorðum við ekki að eiga neitt á hættu með það, heldur reyndum að vanda sem bezt til verksins.

Þrátt fyrir mikið sólfar og nær enga úrkomu yfir gróðursetningar-

lerkið

tímann, hafa vanhöld yfirleitt orðið lítil, nema á grá=elrinu. Það hefir að öllum líkindum farið illa. Þó verður það ekki fullséð fyrr en að sumri.

Tafla IX. Gróðursetning á Hallormsstað 1957.

Tegundir og kvæmi	Neðan Selvegur	Neðst í Vörðuhrauni	Í Mörkinni	Við Krók-læk	Alls
Hengibjörk, Tammerfors, 2/2	-	-	90	-	90
" Rognan, 3/2 .....	-	-	50	-	50
" Romedal, 2/0 .....	-	-	-	50	50
Gráelri, Rognan, 2/0 .....	-	625	58	1.300	1.983
Síberíulerki, Chebalinsky, 2/0	235	-	-	-	235
" " 3/0	5.680	-	-	-	5.680
" Vostopstino, 3/0	-	200	-	-	200
" Raivola, 2/2/1	1.100	-	-	-	1.100
Evrópulerki, Boxbacka, 3/0 ...	370	-	-	-	370
" Schlitz, 3/0 .....	-	25	-	-	25
Dahúríulurki, Boxbacka, 3/0 ...	-	25	-	-	25
Fjallaböll, MacLeod, 4/2 .....	125	-	-	-	125
Stafafura, Wedellsborg, 3/0	3.825	-	-	-	3.825
Blágreini, Colorado, 3/3 .....	-	835	-	-	835
Hvítgreini, Knik River, 2/3 ...	-	90	-	-	90
Rauðgreini, Rana, 2/3/2 .....	-	1.200	-	-	1.200
" Solör, 3/3/2 .....	-	550	-	-	550
" Trysil, 3/3/2 .....	-	471	-	-	471
" Umeå, 2/3/2 .....	-	390	-	-	390
" Innfl. frá Nor. 2/2/4	-	375	-	-	375
Sitkabastarður, Lawing, 3/2	-	115	-	-	115
Sitkagreini, MacLeod, 2/3 & 3/2	-	93	-	-	93
" Seward, 2/3 .....	-	25	-	-	25
" Homer, 2/2/2 .....	-	50	-	-	50
Alls	11.335	5.069	198	1.350	17.952

## VI. Byggingar.

Seinni hluta apríl og fyrstu daga í maí var unnið við að mála verkafólksbústaðinn og setja í hann loftlista. Vann Ágúst Arnason að þessu ásamt öðrum manni. Var að þessu hin mesta bragarbót, þótt ekki ynnist tími til að gera nema hið nauðsynlegasta. - Ennþá er alltof mikill frumbýlingsbragur á húsinu í Mörkinni og ýmsum útbúnaði, og þarf að stefna að því að lagfæra þar ýmislegt næstu árin.

Þá er þess að geta, að ákveðinn var staður fyrir skógarvarnarbústað á svonefndu Akurgerði í austurhorni gömlu túngirðingarinnar á Hallormsstað. Var ýtt upp úr grunni, svo að hægt er að hefjast handa um smíði, þegar henta þykir og efni verður komið á staðinn. Timbur hefir allt verið pantað í húsið.

Loks má geta þess, að á sumrinu fékk skógarvörður eitt herbergi í viðbót til afnota í Seylu, húsi Hrafns Sveinbjarnarsonar. Þarf ekki að lýsa, hve mikið hagræði var að þessu, því að áður vantaði alveg sérstakt skrifstofuþláss.



## VII. J a r ð ý t a n.

S. l. vor var gerð upp vél jarðýtunnar og varð því lokið síðustu dagana í júní. Vorum við sérstaklega heppnir að fá þetta gert á viðgerðaverkstæðinu í Tunguhaga. Öll vinna við að gera upp vélin og setja hana í ýtuna kostaði ekki nema um kr. 4.500. Hefir vélin síðan gengið ljóm- andi vel.

Hinn 1. júlí fór ýtan af stað og var þá strax leigð smávegis í vegagerð. En vinna með henni hófst ekki fyrir alvöru fyrr en 30. júlí, að byrjað var að jafna undir Hafursárgirðinguna. Síðan var hún nær óslitið í gangi virka daga til októberloka og einnig vikutíma eftir miðjan nóvember. Hinn 21. nóv. biluðu tengsli eitthvað, og var þá farið með ýtuna á verkstæðið í Tunguhaga. Þorum við ekki annað en láta í vetur yfirfara drif, girrkassa og tengsli, svo að ýtan verði í góðu lagi með vorinu. Gerum við okkur vonir um, að nota megi varahluti úr Kópaskersýtunni, ef einhverra er þörf.

Þá var gert við gamla olíuverkið og spíssana, svo að þessir hlutir eru tiltekit, ef með þarf.

Alls var ýtan í gangi 454½ kist. á árinu. Beinn rekstrarkostnaður á árinu varð tæplega 24.000 kr. Ef notuð er ríflega þessi upphæð, eða kr. 25.000, verður rekstrarkostnaðurinn á gangtíma hæfilega reiknaður kr. 55,-. Þessa tölu hefi ég notað sem tímataxta ýtunnar við verk hjá skógræktinni sjálfri og einnig hjá Skógræktarfélagi Austurlands.

Hins vegar má hugsa sér, að ágóði af leigu ýtunnar til annarra aðila gangi smátt og smátt til þess að veða á móti kostnaði við gagngerða viðgerð, einsog þá, sem fram fór s.l. vor og gera á nú í vetur.

Ekki verður of mikið gert úr því, hvílíkt hnoss er að hafa þetta teki. Bæði myndu ýmis verk alls ekki vera unnin, einsog t. d. undirhleðslan í Dagmálafjalli, og því síður eins vandlega unnin og þau, sem ýtan hefir leyst af hendi s.l. sumar, ef ekki væri eigin verkfæri. Við leggjum mjög mikla áherzlu á snyrtilegan viðskilnað, þar sem ýta okkar hefir verið að verki, en slíkt kostar auðvitað oft allmikinn aukatíma.

## VIII. V e g a g e r ð.

Í sambandi við girðingavinnuna í Dagmálafjalli var ruddur vegur inn með Bjarggirðingunni, þar sem þess þurfti með, svo að nú má komast á dráttarvél eða jeppa með girðingunni frá Hálshlíði inn að Staðará.

Því miður vannst ekki svo mikill tími sem skyldi til vegagerðar í skóginum. Þetta var gert:

Í Partinum voru sléttaðir þrjár smáspottar, alls 300 m, af þjóðveginum upp í brautirnar, sem þar voru höggðar 1953 og 1954. Var þetta gert vegna fyrirhugaðrar gróðursetningar þar á vori komanda.

Þá var sléttaður vegur eftir einni brautinni milli þjóðvegjar og Selvegjar í Innskóginum. Er það miðbrautin milli Atlavíkurlækjar og Krók- lækjar. Lengd 585 m. Sá spotti kostaði kr. 1.250 - eða 23 tíma ýtu- vinnu. Átti af því mega marka nokkuð, hve mikill tími fer í að ryðja hvern km. Alls eru þessir vegir þá 885 m á lengd. Þeir eru allir svo vel sléttaðir, að aka má eftir þeim þurrum á hvaða bíl sem er. Má ætla, að þeir grói upp á 3-4 árum. En mér hefir einnig dottið í hug, hvort ekki væri vert að gera tilraun með að sá í þá grasfræi og bera einhvern áburð í. Gætu það ekki orðið mjög snyrtilegir og góðir skógarvegir, sem þannig væri frá gengið?

Loks var gert akfært frá gamla Markarhliðinu við Kerlingará og niður að Fljóti og ýtt þar í hauga allmikilli mól, sem ætlunin er að aka í vegi í Mörkinni.

## IX. Ferðir og leiðbeiningar.

---

Nokkrar stuttar ferðir á árinu hér um nágrennið til þess að líta á skógargirðingar og leiðbeina eigendum þeirra skulu ekki upptaldar.

Í sambandi við endurgirðingu Eyjólfssstaðagirðingarinnar hjá Skógræktarfélagi Austurlandsfór ég oft þangað. Því verki er nú loks að verið lokið. Er það orðið allumfangsmikið og óheimjudýrt og hefir fest alla fjármuni félagsins um sinn, sem unnt var að leggja í það. En á vori komanda verður nú aftur hægt að hefja þar gróðursetningu.

Hinn 7. október fór ég landveginn áleiðis suður í Örfæfi og kom aftur úr þeirri för hinn 14. okt. Aðalerindið var að athuga Bæjarstaðaskóg og skóginn í Skaftafelli með tilliti til fræsöfnunar í haust og gefa Ragnari bónda Stefánssyni í Skaftafelli leiðbeiningar um það verk. Þarna reyndist úr allvöndu að ráða, því að fræfall var sáralítið, en landið birkiþrælaust. Ég fól því Ragnari að láta safna því minnsta magni, sem hægt væri að komast af með á vori komanda. Talaði ég við hann um ein 40-50 kg af óþurrkuðu fræi. - Og það er mála sannast að mér þótti ekki girnilegt að láta safna miklu fræi, þar sem það var helzt að fá: Í unga kjarrinu norður af Skaftafelli. Þá er tvímælalaust réttara að safna heldur fræi í ungskógi á Vöglum og Hallormsstað.

Hér fjölyrði ég ekki um Bæjarstaðaskóg, þar eð ég mun senda um hann sérstaka skýrslu.

Á leiðinni kom ég við á allmörgum stöðum og skoðaði skógargirðingar og trjágarða, m. a. á Höfn og Hólum í Hornafirði, Djúpavogi og í Berufirði. Var þarna ýmislegt fróðlegt að sjá. Ég kynntist enn betur ýmsum vandamálum, sem eru samfara skógræktarviðleitni á berangri og reyndi að gefa ráð eftir föngum. En satt best að segja: Maður veit enn alltof lítið, hvernig snúast skal við mörgum þeirra. Eitt virðist mér sérstaklega áhyglisvert: hve íslenzka birkið á erfitt uppdráttar víða þarna við ströndina. Af hinni stuttu reynslu, sem þegar er fengin, virðist ekki hægt að mæla með því þar. Ég vil þó undanskilja Suðursveit og Örfæfi. Að svokomnu máli mæli ég fyrst og fremst með sitkagreni og aftur sitkagreni þarna við suðausturströndina, þar sem jarðvegur er á annað borð hæfur fyrir greni. Þó verður að reyna þar líka hvítgreni, sitkabastarð og stafafuru frá Skagway, sem allar myndu trúlega henta vel.

Hinn 15. nóvember fór ég suður í Breiðdal ásamt Snorra Sigurðssyni. Skoðuðum við hina nýju skógargirðingu Breiðdæla og lögðum á ráð um tegundaval þar.

Því miður gat ég ekki fylgt Snorra á fleiri staði, meðan hann dvaldi hér eystra, þar eð ég var nýlagstur í innflúenzu, er hann kom.

## X. Sittaf hverju.

---

Ferðamannastraumur að Hallormsstað var minni nú en tvö undanfarin sumur. Þó komu líklega fleiri ferðemannahópar, sem sýnt var um skóginn, en hin sumrin. Og nokkrir erlendir skógræktarmenn - miklir auðsugestir - heimsóttu okkur. Skal ég nú að gamni geta hinna helztu af þessum heimsóknunum, sem ég hefi hripað um í dagbókina:

Hinn 25. júní kom mjög fjölmenn bendaför vestan úr Dölum og skoðaði Mörkina og Guttormslund í afarfögru veðri.

2. júlí kom Birger Steenstrup frá Danska Heiðafélaginu og kona hans í fylgd Einars Sæmundsens og gistu þau tver nætur.

Seint í júlí kom stór hópur kvenna úr Austur-Skaftafellssýslu og skoðaði Mörkina og Guttormslund.

Hinn 11. ágúst kom starfsfólk skógræktarinnar á Vöglum og dvaldi hér hluta úr degi. Endurgalt það þar með heimsókn fólksins héðan, sem fór til Vagla um 17. júní og hlaut þar veglegar móttökur.

Hinn 16. ágúst kom prófessor Bertil Lindquist frá Gautaborg í fylgd próf. Nielsar Dungals, og skoðuðu þeir skóginn heilan dag. Var afarmikill fengur að komu próf. Linquists og maðurinn með afbrigðum skemmtilegur.

20. ágúst kom fjölmennur hópur mektarmanna víðsvegar af landinu: Aðalfundur Sambands íslenskra rafveitna, er haldinn var um þar mundir á Eiðum.

25. ágúst sýndi ég fjölmennum fundi húsmæðrakennara víða af landinu um skóginn. Án þess að kasta rýrð á aðra hópa (ekki-skógræktarmanna), er hér hafa komið, held ég þetta sé hinn áhugasamasti og skemmtilegasti, er ég hefi fylgt um!

3. september kom danskur skógræktarmaður, Olav Kjærsgaard frá Petersværft, og dvaldi í tvo daga. Var margt gott af honum að læra.

Hinn 8. september kom svo fundur bæjarstjóra og bæjarfulltrúa frá öllum kaupstöðunum á Vestur-, Norður- og Austurlandi hingað í boði bæjarstjórna Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar. Var tvímælalaust mikill fengur að komu þeirra hingað, því að þarna voru á ferðinni helztu áhrifamenn í nefndum kaupstöðum. Sýndu þeir allir mikinn áhuga á því, er þeir sáu og heyrðu um starfseminu hér og skógræktarinnar almennt.

Auk þessa kom auðvitað mikill fjöldi einstaklinga, sem sýnt var um skóginn, en ekki verða taldir hér. Persónulega hafði ég sérstaka ánægju af því, að mjög margir af samstarfsmönnum í skógræktinni komu í heimsókn á sumrinu. Þær heimsóknir eru ekki bara góðra vina fundur, heldur til mikils lærdóms.

-----

Á árinu 1957 var farið verulega fram úr fjárhagsáætlun. En það voru fyrst og fremst nýræktarfrámkvæmdir haustsins, sem sprengdu rammann. Með áburði í nýja græðireitinn kostuðu þær alls um 42.000 kr. Þá kom til aukið skógarhögg í því skyni að létta á vorvinnu 1958. Og gróðursetning varð meiri en áætlað var. Hins vegar fengust allmiklar algerlega óvæntar tekjur af plöntusölu og trjá sölu, er námu a.m.k. 20.000 kr. Slíkt tel ég ekki nema sanngjarnt, að komi þessum stað sjálfum til góða, ekki sízt í aukinni gróðursetningu.

Hallormsstað 27. jan. 1958

Sig. Blöndal